



Móttökuáætlun

Fyrir börn og unglinga af erlendum uppruna



Yfirlit

Móttökuáætlunin er fyrir iðkendur af erlendum uppruna og fjölskyldur þeirra sem eru að byrja að stunda íþróttir á Íslandi. Markmiðið er að gera móttökuna skilvirkari, að upplifunin sé jákvæð og þannig auka líkur á áframhaldandi þátttöku.

- Leiðbeiningar
- Gátlista fyrir starfsfólk íþróttafélaga til að nota í viðtali við iðkanda og forráðamenn
- Upplýsingar fyrir þjálfara
- Aðlögunartímabil
- Túlkaþjónusta

Leiðbeiningar

Fyrsta viðkoma barna inn í hverfið er oft í gegnum skólann, þjónustumiðstöð eða íþróttafélagið.

Skólinn/þjónustumiðstöð hefur samband við íþróttastjóra/starfsmanns félagins, tilkynnir um nýjan iðkanda og starfsmaður fær helstu upplýsingar um viðkomandi:

- Þjóðerni – tungumál
- Aldur
- Íslensku kunnáttu barns og forráðamanna
- Áhugasviðs barnsins í íþróttum
- Netfang forráðamanna
- Símanúmer forráðamanna

Íþróttastjóri metur af þessum upplýsingum hvort iðkandi fari beint að æfa og viðtal við iðkanda og forráðamenn sé tekið síðar eða strax boðað til viðtals.

Ef iðkandi kemur beint til félagsins þarf að meta eftir tungumálakunnáttu hvort gefnar eru grunnupplýsingar um félagið og síðan boðið til viðtals á aðlögunartímabili eða farið strax í viðtal.

Grunnupplýsingar:

- Íþróttagreinar
- Frístundakortið
- Áhugasvið iðkanda
- Æfingartímar
- Búnaður
- Tengja við þjálfara

Gátlista fyrir starfsfólk íþróttafélaga til að nota í viðtali við iðkanda og forráðamenn

Viðtal

■ Það sem þarf að hafa í huga áður en fyrsta viðtal á sér stað:

- Upplýsingar um iðkanda:
 - Nafn
 - Nafn forráðamanna
 - Tungumál
 - Sími og netfang forráðamanna
- Íþróttastjóri metur hvort að það þurfi túlk, sjá kafla um túlkþjónustu.
- Áhugasviðs barnsins í íþróttum.
- Íþróttastjóri ákveður hverjir verða viðstaddir fundinn.
 - Iðkandi, forráðamenn
 - Þjálfari (ef liggur fyrir hvaða íþrótt iðkandinn hefur áhuga á).
- Íþróttastjóri boðar fund.

■ Hvað verður rætt í viðtali:

- Upplýsa um trúnað. Þeir sem sitja fundinn hafa einir aðgang að þeim upplýsingum sem eru veitar á fundinum.
- Kynning íþróttastjóra og þjálfara.
 - Ef þjálfari er á fundi þá skal hann kynna sig og segja frá menntun.
- Kynna starf félagsins, deildir, barna- og unglíngaráð.
- Forvarnargildi íþróttar og íslenska forvarnarmódelið (gefa bæklinginn Vertu með! sem er gefinn út á sex tungumálum þ.e. á íslensku, ensku, pólsku, tælensku, litháísku og filippseysku).
- Fara yfir heimasíðu, benda á æfingatöflur.
- Æfingatímar
 - Myndræn æfingatafla.
 - Íþróttastjóri útskýrir fyrirkomulag ef forföll koma upp t.d. veikindi, meiðsli, frí, hvort sem það er í síma eða í gegnum samskiptaforrit.
- Samskiptaleiðir við þjálfara, forráðamenn og aðra iðkendur.
 - Tölvupóstur
 - Facebook hópar, aðrir miðlar og samskiptaforrit.
 - Símanúmer þjálfara og íþróttastjóra.

Ítreka að það megi hafa samband ef spurningar vakna.

- Æfingagjöld og frístundakort
 - Upplýsa iðkanda um að hægt er að prófa að æfa, jafnvel fleiri en eina íþróttagrein án þess að greiða strax.
 - Fara inn á reykjavik.is og sýna leiðbeiningar um frístundakortið, sem er á mismunandi tungumálum: <https://reykjavik.is/thjonusta/fristundakortid> .
 - Hægt er að fá aðstoð frá íþróttafélaginu við að skrá iðkanda inn og nota frístundakortið, þegar að því kemur.
- Aðgengi - Hvernig iðkandi kemst á æfingu
 - Frístundarútan fyrir 1.- 4. bekk, útskýra fyrirkomulagið hjá félaginu.
 - Göngu- og hjólaleiðir frá heimili og skóla, sýna á google maps.
 - Strætóleiðir
- Fatnaður og búnaður
 - Hvað þarf? Sýna myndir ef hægt er.
 - Hvar er hægt að kaupa eða benda á Facebook hópa þar sem hægt er að fá gefins eða notaðan búnað t.d. hér: <https://www.facebook.com/groups/720431024636218/?ref=share>
 - Benda á skiptimarkaði á íþróttafötum/búnaði séu þeir í boði hjá íþróttafélagi.
 - Ef félagið á búnað aflögu.
- Mót yfir árið
 - Hvenær og hvar þau eru haldin.
 - Hvernig þau fara fram í stuttu máli/fyrirkomulag.
 - Kostnaður ef einhver er.
- Félagsstarf og aðrar uppákomur tengdar starfinu.
- Heilbrigðisupplýsingar
 - Ofnæmi
 - Veikindi
 - Annað sem væri gott fyrir þjálfara að vita.
- Ganga um hús og sýna aðstöðu
 - Salerni
 - Skrifstofa (stjórnendur)
 - Útisvæði
 - Húsvörður
 - Inn- og útgangar hússins
 - Sturtur og búningsklefar (segja frá sérklefum, ef þeir eru til staðar).
- Í lok fundar

Hittast aftur eftir 6-10 vikur, ákveða nýjan fundartíma og fara þá betur yfir:

 - Aðstoð við skráningu í skráningarkerfi.
 - Frístundakort.
 - Búnaður, athuga hvort það vanti eitthvað.
 - Aðstoð við samskiptaforrit.
 - Ef það eru mót framundan, útskýra fyrirkomulagið, hvernig hægt er að komast á staðinn, búnað, nesti og þátttökugjald ef það er.
 - Heimasíða, benda á fréttir, stefnur félagsins og reglur.

Upplýsingar fyrir þjálfara

Ef iðkandi mætir sjálfur á „prufu“æfingu, til dæmis með vinum eða skólafélögum:

Þjálfari hefur sérstakt auga með iðkanda með áherslu á félagslega stöðu hans í hópnum. Óháð því hvort hann komi á æfingu fyrir eða eftir „kynningarfund.“ Veiti jafnframt viðkomandi sérstaklega athygli með hvatningu.

- Þjálfari fær grunnupplýsingar hjá iðkanda eða forráðamanni ef hann mætir með iðkanda á æfinguna.
 - Nafn iðkanda
 - Skóli
 - Nafn forráðamanna
 - Símanúmer forráðamanna
 - Netfang forráðamanna
 - Hversu lengi hefur iðkandinn búið á Íslandi?
 - Hvaða tungumál talar viðkomandi?

- Hefur iðkandi stundað íþróttir áður?

**Já: Vill hann halda áfram í sömu grein?
Er hún í boði hér, ef ekki benda á hvar hún er í boði og staðsetningu.**

Nei: Spyrja um áhugasvið og segja frá möguleikanum að prófa fleiri en eina grein.

- Setur sig í samband við íþróttastjóra sem undirbýr viðtalið.

Aðlögunartímabil

Atriði til að hafa í huga á aðlögunartímabili

- Auka fókus
 - Þjálfari hefur sérstakt auga með iðkanda með áherslu á félagslega stöðu hans í hópnum.
 - Þjálfari hefur „auka fókus“ á nýjum iðkanda fyrstu 6-10 vikurnar (getur þurft 6 mánuði) á meðan hann er að aðlagast hópnum. Það felst t.d. í hvatningu og spurningum um hvernig líki og gangi.
- Félagsmunstur
 - Eru félagar úr skólanum/bekknunum að æfa líka?
- Hópefli, standa fyrir uppákomum sem auka félagstengsl.
- Vínafjölskyldur, vinaliðar/mentor.

ATH/ Börn eiga aldrei að vera túlkar.

- Er annar að æfa sem kann sama tungumál? Getur viðkomandi verið vinaliði ef svo er þá þarf að fá leyfi frá forráðamönnum. Þjálfari þarf að hitta alla aðila og fara vel yfir leikreglur t.d. hlutverk, hvað má-hvað má ekki, takmörkin, má vinaliðinn hætta ef hann vill ekki vera vinaliði lengur.
- Þekkir iðkandi einhvern í sama flokki?
 - Ef ekki, er lagt til að þjálfari fái 2-3 félagslega sterka iðkendur til að veita viðkomandi nýliða sérstaka athygli og styrkingu.**
- Vínafjölskyldur fyrir forráðamenn, geta t.d. verið aðilar frá barna- og unglingaráði eða foreldrar/forráðamenn úr hópnum/flokknum sem kunna sama tungumál. Þau kynna t.d. fyrirkomulag á foreldrafundum og mótum. T.d. hvetji forráðamenn til að fylgja iðkanda og koma og horfa á.
- Nágrannar
 - Getur iðkandi verið samferða öðrum sem býr nálægt á æfingu?
- Orða- og setningalisti a.m.k. á ensku og pólsku yfir helstu hugtök, orð og fyrirsmáli í viðkomandi íþrótt.
 - Lagt er til að félögin bendi þjálfurum, sjálfboðaliðum og öðru starfsfólki á að nota myndræna framsetningu ef tungumálaörðuleikar eru fyrir hendi.
- Hafa samband þegar foreldrafundir og mót nálgast.
 - Haft samband símleiðis og athuga með þátttöku iðkanda.
 - Búnað, nesti og annað sem þarf að hafa meðferðis.
 - Forráðamenn mega koma með og horfa á.
 - Samgöngur, bjóða far ef þarf, huga að hvernig iðkandi kemst á staðinn.

Túlkapjónusta

Pegar leitað er eftir túlk skal hafa í huga að túlkurinn sé óháður aðili sem túlkar samskipti á milli aðila með fagmennsku að leiðarljósi. Trúnaður og þagnarskylda gildir í öllum samskiptum.

Það á aldrei að láta vini, fjölskyldu eða börn túlka.

Hvert er hægt að leita:

- Er mögulegt að skipuleggja upplýsingafund í tengslum við „Velkomin í hverfið“ ?
- Síma-app, lesa inn.
- Túlkapjónusta:
 - Language Line Solution – símatúlkun. Túlkun af ensku á annað tungumál.
 - Alþjóðasetrið
 - Jafnréttishús
 - Túlkapjónustan
 - Túlka- og þýðingarmiðstöð